



KYNNING

María Jónsdóttir

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu

Ég heiti María Jónsdóttir. Ég hef verið Sjálfsbjargarfélagi í tæplega 30 ár. Fyrst var ég í Ný-ung, ungliðahreyfingu Sjálfsbjargar. Ég tók þátt sem leiðbeinandi í BUSL, unglingastarfinu á sínum tíma. Sem unglingur æfði ég sund með ÍFR og tók þátt í nokkrum uppfærslum með Halaleikhópnum uppúr aldamótum.

Ég er þroskaþjálfari og með MA-gráðu í fötlunarfræði. Lengst af hef ég unnið í leikskólum sem sérkennslustjóri en ég var ráðgjafi hjá Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar frá 2013-2017.

Árið 2023 ákvað ég að breyta til og byrjaði í MA-námi í þýðingafræði sem ég stefni á að klára núna í vor. Ég þýði frá ensku yfir á íslensku.

Ég hef ekki verið virk í starfi með Sjálfsbjörg síðustu árin en langar til að breyta því og gef því kost á mér.